

# Reglugerð fyrir Íslandsmót yngri flokka.

1. gr.

Leikið skal í fjölliðamótsformi.

2. gr.

Fjöldi í fjölliðamóti skal vera:

2. flokkur: 3 mót 3. flokkur: 3 mót 4. flokkur: 3 mót 5. flokkur: 2 mót

3. gr.

Lið verða að taka þátt í öllum fjölliðamótunum til þess að vera gjaldgeng til Íslandsmeistaratitils.

4. gr.

Ef sérstakar aðstæður koma upp er mótisstjórn heimilt að hliðra til með lágmarksfjölda leikmanna hvers liðs.

5. gr.

Heimilt er að nota stúlkur í piltaliðum í 4. og 5. flokki.

6. gr.

Unglinganefnd BLÍ ákveður staðsetningu fjölliðamóta.

7. gr.

Dómnefnd í samráði við unglinganefnd sjái til þess að héraðsdómarar dæmi á fjölliðamótum.

8. gr.

Dómaranefnd skipi yfirdómara fyrir hvert fjölliðamót.

9. gr.

Mótshaldari ásamt fulltrúum unglinganefndar skal velja stjórnulið 6 leikmanna hvers flokks.